Nd. **662. Nefndarálit**

um frv. til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Vér undirritaðir erum sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu í fyrsta lagi, að getið sé um atvinnu og heimili við nafn hvers manns, og í öðru lagi, að felldur sé niður einn maður úr frv., sem eigi hefir dvalið nema 3 ár á Íslandi. Minni hlutinn (Sveinbjörn Högnason) mun vilja sleppa fleiri mönnum.

Vér leggjum samkvæmt framansögðu til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Frvgr. orðist svo:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Ammendrup, Paul Christoffer, klæðskeri í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
2. Brynjólfur Björnsson, stud. polit. í Kaupmannahöfn, fæddur í Danmörku.
3. Honningsvaag, Petter Matthias, sjómaður á Akureyri, fæddur í Noregi.
4. Jensen, Frede, vefari á Akureyri, fæddur í Danmörku.
5. Kobbelt, Eduard August, vélasmiður á Siglufirði, fæddur í Þýzkalandi.
6. Kristensen, Arne, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
7. Nielsen, Niels Christian, verkstjóri í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
8. Olsen, Jentoft G. H., lifrarbræðslumaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
9. Olsen, Simon Andreas, vélstjóri á Ísafirði, fæddur í Noregi.
10. Pedersen, Hagerup M. S., húsasmiður í Reykjavík, fæddur í Noregi.

11. Rönning, Johan, rafvirki i Reykjavík, fæddur i Noregi.
12. Vidnes, Peder R. S. Olsen, verkamaður á Eyrarbakka, fæddur i Noregi.

Alþingi, 12. mai 1933.

Bergur Jónsson, form., frsm.	Guðbr. Ísberg, fundaskr.	Steingr. Steinþórsson,
	Jóhann Þ. Jósefsson.	